



Stjórn SSH 356. fundur

Þriðjudaginn 1. nóvember 2010 kl.12:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Guðrún Pálsdóttir, Guðmundur R. Árnason, Ásgerður Halldórsdóttir, Pálmi Másson, Dagur B. Eggertsson og Guðný G. Ívarsdóttir.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Jöfnunarsjóður – breyttar útlutunarreglur

Á fundinn mættu Flosi Eiríksson og Guðni Geir Einarsson og fóru yfir fyrirleggjandi tillögur að breyttum útlutunarreglum Jöfnunarsjóðs og möguleg áhrif þeirra tillagna á framlög til sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn telur nauðsynlegt að áhrif þessara tillagna fái ítarlega skoðun og felur framkvæmdastjóra að leita til R3 ráðgjafar um frekari greiningu og mat á áhrifunum, m.a. með tilliti til áhrifa af fasteignagjaldaálagningu o.fl.

2. Aðalfundur SSH 2010 – Dagskrá og undirbúningur

Fyrir lá tillaga að dagskrá aðalfundar SSH sem haldinn verður 12. nóvember nk.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá endanlegri dagskrá á grundvelli umræðna á fundinum.

3. SSH – fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2011

Fyrir lá tillaga að fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2011.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að leggja til við aðalfund SSH að árgjald sveitarfélaganna verði óbreytt á næsta ári, þ.e. 20 krónur á hvern íbúa.

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá endanlegri fjárhagsáætlun til kynningar á aðalfundi með þeim breytingum sem samþykktar voru á fundinum.

4. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna – vinna starfshópa o.fl.

Farið var yfir gang og stöðu v. fjárhagsáætlana sveitarfélaganna, vinnu starfshópa o.fl.

Niðurstaða:

Samþykkt að boða til vinnufundar stjórnar með fjármálastjórum og fræðslustjórum nk. miðvikudag.



5. Skíðasvæðin.

Fyrir lá eftirfarandi:

- a) Minnisblað v. kynningarfundar sem haldinn var 26. október vegna snjóframleiðslu í Bláfjöllum og tillaga framkvæmdastjóra um gerð sérstaks áhættumats fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum um ásættanlegt álag og þolmörk svæðisins m.t.t. tengsla þess við vatnsöflunar- og vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins .

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að hefja undirbúning að gerð áhættumatsins.

- b) Minnisblað framkvæmdastjóra vegna núverandi þjónustusamnings um stofnkostnað og rekstur skíðasvæðanna.

6. Önnur mál:

- a) **Hjólreiðvangur í Skálafelli – erindi ÍTR**

Samþykkt að vísa erindinu til sveitarfélaganna v. fjárhagsáætlunargerðar.

- b) **Erindi borgarráðs Reykjavíkur frá 19. nóvember 2010: Framlag með börnum sem sækja einkarekna grunnskóla.**

Stjórn vísar til fyrri samþykktar sinnar um málið sbr. 4. mál, b) lið í fundargerð stjórnar frá 352. fundi, 16. ágúst sl.

- c) **Erindi borgarstjórnar Reykjavíkur v. göngu- og hjólreiðastíga meðfram strandlengju höfuðborgarsvæðisins.**

Málið lagt fram til kynningar og þarfnast ekki afgreiðslu á þessu stigi.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:50